

HVERNIG FER ÞETTA FRAM?



Ákveddu hvort þú viljir ferðast á eigin vegum eða með vinahóp. Ef þið eruð nokkur saman geta allt að 5 sótt um saman en þið þurfið öll að skrá ykkur á evrópsku ungmennagáttina þó það sé nóg að eitt af ykkur sendi inn umsókn fyrir hópinn.

Skráðu þig á evrópsku ungmennagáttina og svaraðu spurningunum þar til að komast í pottinn. Leikurinn er opinn tvisvar á ári en fyrri úrdrátturinn er í apríl og er leikurinn opinn frá 7.-21. apríl 2022.



Ef þú vinnur hefur ferðaskrifstofa samband við þig til að skipuleggja ferðina þína. Þú færð líka app með miðanum þínum, ferðaplan, afsláttarkort fyrir mat, gistingu og menningarupplifanir út um alla Evrópu.




48 pössum verður útdelt til ungs fólks á Íslandi. Í leiknum þarftu að svara nokkrum einföldum krossaspurningum. Þegar dregið er út raðast þau með rétt svör efst og hin fara á biðlista.



Ertu með spurningar? Hafðu endilega samband við okkur og við svörum þér um leið - en þú getur líka lesið um DiscoverEU á evrópsku ungmennagáttinni.

Viltu ferðast en þarft fylgdarmanneskju eða annan stuðning vegna fötlunar eða heilsufars? Þú getur sótt um auka stuðning í gegnum umsóknarformið sjálf.



www.eurodesk.is

